

Alþingi
Erindi nr. P 130/1770
komudagur 15. 4. 2004



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2004
Tilvísun : 2004030026

Vísað er til bréfs dags. 1. mars þar sem óskað var umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál.

Barnaverndarstofa styður eindregið þetta frumvarp og tekur undir þau sjónarmið í greinargerð að núgildandi lög geti komið í veg fyrir að börn sem hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi fái nauðsynlegar bætur greiddar.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1400
komudagur 17.130/11

BÓTANEFND samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Hafnarfirði, 16. mars 2004.


Vísað er til bréfs sem allsherjarnefnd Alþingis ritaði bótanefnd 1. þ.m., þar sem óskað er umsagnar bótanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál.

Framangreint erindi var rætt á fundi bótanefndar 15. þ.m.

Þegar litið er til hlutverks bótanefndar samkvæmt lögum nr. 69/1995 og efnis þess lagafrumvarps sem hér um ræðir telur nefndin að ekki sé rétt að hún veiti umsögn um það.

Virðingarfyllst,

f.h. bótanefndar



Þorgeir Ingi Njálsson.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 130/1247
komudagur 8. 3. 2004

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. mars 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með síðari breytingum. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj. 312—276. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 1. mars 2004, þar sem óskað er um-sagnar félagsins um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

RÍKISSAKSÓKNARI


Alþingi
Erindi nr. P 130/1500
komudagur 24.3.2004

RH/ama
B. 295/04

Reykjavík, 23. mars 2004

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 1. þ.m., frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál, hámarksfjárhæðir.

Af hálfu ríkissaksóknara eru hvorki ábendingr né athugasemdir við það sem í frumvarpinu felst.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P 130/1346
komudagur 15.3.2004

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2004
Tilvísun: UB 0403/4.1.1


Efni: Frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál, hámarksfjárhæðir

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 1. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreint frumvarp.

Í bréfi, dagsettu 23. október 2002, hvatti ég dómsmálaráðherra til að hafa forgöngu um endurskoðun á 7. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, þannig að bætur yrðu greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, sbr. álit allsherjarnefndar frá 15. desember 1995. Ljósrit bréfs míns fylgir hér með.

Með vísan til röksemda í meðfylgjandi bréfi, styð ég heilshugar framkomið frumvarp og vonast til að það verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,


Þórhildur Líndal

Meðfylgjandi:

Bréf umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra, dagsett 23. október 2002.



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðherra,
Sólveig Pétursdóttir
Amarhvoli
150 Reykjavík

Ljósrit

Reykjavík, 23. október 2002
Tilvísun: UB 0210/8.1.4

Efni: Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota

Árið 1995 voru sett á Alþingi lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota, nr. 69/1995. Í 7. gr. laganna var m.a. kveðið á um fjárhæð bóta og sagði í c-lið 2. mgr. að hámarksfjárhæð bóta fyrir miska, skyldi vera kr. 1.000.000. Þá var í lokamálslið nefndrar 7. gr. að finna reglu um að fjárhæðir samkvæmt ákvæðinu skyldu taka verðlagsbreytingum samkvæmt 15. gr. skaðabótalaga. Lög þessi skyldu upphaflega öðlast gildi 1. janúar 1996, en áður en til þess kom var þeim breytt með 18. gr. laga nr. 144/1995 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Gildistöku þeirra var frestað, hámarksbætur lækkaðar og fellt út ákvæði um að fjárhæðir samkvæmt ákvæðinu tækju verðlagsbreytingum samkvæmt skaðabótalögum. Hámarksbætur fyrir miska voru lækkaðar í kr. 600.000.

Í umsögn allsherjarnefndar Alþingis, dagsettri 15. desember 1995, um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, er varð að lögum nr. 144/1995, sagði orðrétt:


Hins vegar er gert ráð fyrir að gildistökkunni verði frestað fram á mitt næsta ár og að ríkissjóður greiði einungis helming bóta ásamt frekari skerðingum. Meiri hluti allsherjarnefndar telur að hér sé um að ræða mjög miklar skerðingar frá því sem löggin gera ráð fyrir. Meiri hlutinn mælist því eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 verði miðað við að bætur verði greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið.

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota, nr. 96/1995, tryggja m.a. börnum, sem polendum kynferðisbrota, bætur í samræmi við ákvæði þeirra, enda sé



skilyrðum laganna fullnægt að öðru leyti. Börn, sem fórnarlömb alvarlegs kynferðisofbeldis, eru meðal þeirra, sem dæmdar eru einna hæstar miskabætur í Hæstarétti Íslands. Það blandast því engum hugur um að sú ákvörðun Alþingis að ekki skuli greiða hærri miskabætur en kr. 600.000 úr ríkissjóði, bitnar að fullum þunga á þeim sem síst skyldi, ungum fórnarlömbum alvarlegs kynferðisofbeldis.

Með vísan til framangreinds vil ég hvetja yðar, sem dómsmálaráðherra, til að hafa forgöngu um endurskoðun á 7. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, þannig að bætur verði greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, sbr. álit allsherjarnefndar frá 15. desember 1995.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Línadal

Afrit send:

Formaður allsherjarnefndar Alþingis, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Formaður fjárlaganefndar Alþingis, Ólafur Örn Haraldsson